

95. stjórnarfundur Austurbrúar, haldinn þriðjudaginn 8. janúar 2019

Fundargerð

Fundurinn haldinn hjá Austurbrú, Egilsstöðum og hófst kl. 15:00

Mættir stjórnarmenn Austurbrúar á staðinn: Einar Már Sigurðarson (EMS), Hildur Þórisdóttir (HP), Þráinn Lárusson (PL), Gunnar Jónsson (GJ)

Mættir stjórnarmenn Austurbrúar í síma: Sæunn Stefánsdóttir (SS)

Mættir starfsmenn: Jóna Árný Þórðardóttir (JÁÞ) sem ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Staðfesting fundargerðar nr. 94
2. Staða mála í starfshópum á vegum ráðuneyta sem framkvæmdastjóri situr í
3. Framlenging á samningi við MMR
4. Erindi frá MN og Austurbrú til ANR
5. Erindi frá MAS til UTN
6. Erindi til stýrihóps sjálfbærni-verkefnisins
7. Staða samtalsferlis við stofnaðila Austurbrúar
8. Undirbúningur ársfundar Austurbrúar
9. Önnur mál

Formaður stjórnar Einar Már setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna.

1. Staðfesting fundargerðar nr. 94

Stjórn staðfestir fundargerð nr. 94

2. Staða mála í starfshópum á vegum ráðuneyta sem framkvæmdastjóri situr í

Framkvæmdastjóri fór yfir verkefnin og tímalínur þeirra eins og staðan er í dag.

3. Framlenging á samningi við MMR

Stjórn samþykkir framlögð drög að samningi við MMR um framlengingu á samningi sem tengist fræðslu- og þekkingarsetursmálum með þeim fyrirvara að fjármagn ársins sé í samræmi við samþykkt fjárlög í þriðju umræðu og framkvæmd samningsins á fyrra ári.

4. Erindi frá MN og Austurbrú til ANR

Lagt fram til kynningar. Stjórn ítrekar mikilvægi þess að svör berist sem fyrst frá ráðuneytinu þannig að hægt sé að vinna út frá þeim forsendum á árinu.

5. Erindi frá MAS til UTN

Lagt fram til kynningar.

6. Erindi til stýrihóps sjálfbærni-verkefnisins

Stjórn felur framkvæmdastjóra að fylgja erindinu eftir gagnvart stýrihópi sjálfbærni-verkefnisins.

7. Staða samtalsferlis við stofnaðila Austurbrúar

Formaður fór yfir stöðu mála og næstu skref.

8. Undirbúningur ársfundar Austurbrúar

Framkvæmdastjóri fór yfir þau undirbúningsskref sem þarf að stíga í tengslum við ársfund Austurbrúar. Verkefni sem tengjast ársfundi verða áfram til umfjöllunar á fundum stjórnar fram að ársfundi sem verður að öllum líkindum í apríl.

9. Önnur mál

Samráð um stefnur

Framkvæmdastjóri kynnti drög að dagskrá ráðstefnu sem ber yfirskriftina „samráð um stefnur“ sem haldið verður í Hveragerði 22-23. janúar. Framkvæmdastjóri er aðili að undirbúningshópi ráðstefnunnar og mun senda frekari upplýsingar á stjórnarmenn þegar endanleg útfærsla liggur fyrir.

Engin önnur mál

Næsti fundur stjórnar verður um mánaðarmótin janúar/febrúar á Reyðarfirði. Fundi slitið kl. 17:00.

Einar Már Sigurðarson

Sæunn Stefánsdóttir

Hildur Þórisdóttir

Þráinn Lárusson

Gunnar Jónsson